

---

# Lagarammi rafrænna reikninga

---

**Bragi Freyr Kristbjörnsson**

Viðskiptalögfræðingur hjá RSK

---

# Helstu lög og reglugerðir

Lög nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Lög nr. 28/2001, um rafrænar undirskriftir.

Lög nr. 145/1994, um bókhald.

Reglugerð nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

Lög nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Lög nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

---

---

# Reglugerð nr. 598/1999

Helstu ákvæði um rafræna reikninga má finna í rg. nr. 598/1999, um rafrænt bókhald, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna bókhaldskerfa.

Reglugerðin aðallega um viðskipti tveggja bókhaldsskyldra aðila sem báðir hafa tilskilinn tæknibúnað.

---

## Skilyrði 2. gr.

(1) Þegar fært er rafrænt bókhald skulu auk skriflegra lýsinga á skipulagi bókhaldsins og uppbyggingu í samræmi við [7. gr. laga nr. 145/1994](#), um bókhald, liggja fyrir skriflegar lýsingar vegna gagnaflutninganna sjálfra og þeirra viðskiptafærslna sem rekja má til þeirra. Lýsingar þessar skulu gefa skýra mynd af öryggi og rekjanleika færslna, hvort sem þær eru í bókhaldskerfinu sjálfu eða sérstöku gagnavinnslukerfi vegna gagnaflutninganna.

(2) Þegar færslur í bókhaldinu eiga rætur að rekja til gagnaflutninga skulu liggja fyrir upplýsingar um það með hvaða hætti þeir aðilar sem stunda slík rafræn viðskipti haga samskiptum sínum, m.a. skráningu í gagnadagbók. Ef aðilar hafa gert samskiptasamninga við gagnaðila sinn vegna gagnaflutninga skulu þeir og liggja fyrir.

---

# Kröfur til hugbúnaðarins skv. 11. gr.

(2) Hugbúnaðurinn skal uppfylla þau skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari til að bókhaldið sé fært í samræmi við góða bókhalds- og reikningsskilavenju [og skal yfirlýsing seljanda eða hönnuðar hugbúnaðarins þess efnis liggja fyrir í bókhaldsgögnum notanda.

---

---

## Kröfur sem gerðar eru til seljanda hugbúnaðarins.

Hver sá sem selur bókhaldskerfi til færslu rafræns bókhalds, þ.á m. hugbúnað vegna gagnaflutnings þ.e. vegna móttöku og sendingar skeyta á milli gagnavinnslukerfa og skráningar í gagnadagbók, skal láta fylgja sölunni ítarlegar upplýsingar um hugbúnaðinn, hvernig hann vinnur og um þá eftirlitsþætti sem hann hefur upp á að bjóða til að stemma af, sannprófa, stýra vinnslu gagna og endurskoðun þeirra.

---

# Aðgangsstýring

Í rafrænu bókhaldskerfunum skal m.a. vera unnt að sjá í einstökum færslum auðkenni þess sem skráði færslu, auðkenni þeirrar útstöðvar sem færsla var skráð á, dagsetningu og tíma skráningar og fylgiskjalanúmer færslu. Einnig þarf að vera hægt að sjá forsendur kerfisins, m.a. vegna ýmissa sjálfvirkra vinnsla, t.d. vegna einstakra tegunda bókhaldsreikninga sem kalla á sjálfvirkan útreikning fjárhæða og skiptingu þeirra á milli reikninga, auk þess sem unnt skal að sjá hvenær forsendum hefur verið breytt. Skrár skal vera hægt að prenta á einstökum vinnslustigum til að staðfesta innihald þeirra.

## 8. gr. laga um bókhald

Rafrænn reikningur skal auk númera í gagnadagbók og sem fylgiskjal í bókhaldi fá númer í samfelldri númeraröð. Þetta reikningsnúmer, skal ávallt koma fram í gagnadagbók og á rafrænu fylgiskjali, bæði hjá seljanda og móttakanda, svo og á prentuðu eintaki hans sé um það að ræða. Á auðveldan hátt skal vera hægt að tengja rafrænt skeyti í gagnadagbókinni við fylgiskjal í bókhaldinu.



# Innihald reiknings

Rafrænn sölureikningur, þar með talið prentað eintak hans, þarf að öðru leyti að uppfylla þær kröfur sem almennt eru gerðar til efnis sölureikninga.

1. Nafn, kennitölu og skráningarnúmer seljanda.
2. Útgáfudagur.
3. Nafn og kennitölu kaupanda.
4. Tegund sölu, þ.e. lýsing á hinu selda. Við sölu til skattskylds aðila skal lýsingin vera nægilega glögg til að ljóst sé hvort viðskiptin varði skattskylda starfsemi hans.
5. Magn, einingarverð og heildarverð eftir því sem við verður komið.
6. Hvort virðisaukaskattur er innifalinn í heildarfjárhæð eða ekki. Enn fremur skal sérstaklega koma fram hver fjárhæð virðisaukaskatts er.

Tækniforskrift FUT

---

Tveir bókhaldsskyldir aðilar sem uppfylla skilyrði rg. nr. 598/1999, **geta** átt í pappírslausum viðskiptum.

Ef annar aðilinn uppfyllir ekki þessar kröfur verður að gefa út rafrænan reikning á pappír.

Enginn hvati fyrir litla rekstraraðila til þess að taka upp slíkt fyrirkomulag.

Pappírinn hverfur sennilega aldrei fyrir fullt og allt.

---

---

# Samráðshópar

Samráðshópar á vegum fjármálaráðuneytisins annars vegar og Icepro hins vegar.

Unnið er að því að skýra hvort núverandi regluverk sé nógu öflugt.

Hefur regluverkið hamlandi áhrif á þróun í átt að pappírslausum viðskiptum milli aðila

---

---

# Hvernig er löglegur rafrænn reikningur?

Stór þáttur í þeirri vinnu verður að skilgreina hvað telst vera fullgildur rafrænn reikningur

Útlitslega

Tæknilega

Tækniforskrift FUT

---

---

# Hagkvæm lausn

Rafræn pappírslaus viðskipti er skref í rétta átt.

Skref í átt að sparnaði.

Skref í átt að hagræðingu.

Skref í átt að betri þjónustu.

Lausn í þessu máli fæst aðeins með samstarfi hagsmunaaðila.

Nýta þann vettvang sem Icepro er.

---